

Framkvæmdum við Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð haldið áfram

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri undirrituðu í dag viljayfirlýsingu um framkvæmdir við Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð við Austurhöfnina í Reykjavík. Menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg eru sammála um mikilvægi þess að framkvæmdum við húsið verði fram haldið. Sjá nánar á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Úthlutun úr markáætlun Vísinda- og tækniráðs



Föstudaginn 13. febrúar kynnti menntamálaráðherra úthlutun úr markáætlun Vísinda- og tækniráðs á blaðamannafundi í Þjóðmenningar-húsinu. Úthlutunin markar tímamót að mörgu leyti. Aldrei áður hefur jafn stórum styrkjum verið úthlutað til einstakra verkefna. Stærsti styrkurinn er 70 milljónir á ári í 7 ár eða samtals 490 milljónir króna. Markáætlun var undirbúin af Vísinda- og tækniráði eftir viðamikla stefnumótunarvinnu árið 2007.

Auglýst var eftir umsóknum á átta áherslusviðum sem stefnumótunarvinnan hafði skilað og sérstakar kröfur voru gerðar um virkt samstarf milli háskóla, stofnana og atvinnulífs

og um samstarf út fyrir landsteinana. Upphaflega var auglýst eftir stuttum lýsingum á fyrirhuguðum samstarfsverkefnum og bárust alls 82 hugmyndir. Af þeim fengu 10 brautargengi og eina milljón króna hver til að vinna fullbúna umsókn.

Menntamálaráðherra fól stjórn Rannsóknasjóðs að úthluta úr markáætlun. Allar umsóknirnar voru metnar af erlendum sérfræðingum og sérskipuðu fagráði innlendra sérfræðinga áður en stjórn sjóðsins fékk þær til meðhöndlunar.

Verkefnin sem fengu styrk eru:

- Alþjóðlegur rannsóknarklassi í jarðhita
Verkefnisstjóri: Sigurður M. Garðarsson
Styrkur 2009 nemur allt að 70 millj. kr.
- Vítvélasetur Íslands
Verkefnisstjóri: Kristinn R. Þórisson
Styrkur 2009 nemur allt að 55 millj. kr.
- Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknnum
Verkefnisstjóri: Irma Erlingsdóttir
Styrkur 2009 allt að 35 millj. kr.

Sjá nánar á vef [Rannís](#) og vef [Vísinda- og tækniráðs](#).


Metfjöldi nemenda í framhalds- og háskólum haustið 2008

Hagstofa Íslands hefur tekið saman yfirlit yfir fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi haustið 2008. Upplýsingum var safnað frá skólunum og úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU.

Haustið 2008 voru alls 47.282 nemendur skráðir til náms í framhaldsskólum og háskólum hér á landi. Skráðir nemendur hafa aldrei verið fleiri, hvorki á framhaldsskólastigi né á háskólastigi (tafla 1). Í framhaldsskóla voru skráðir 29.271 nemendur og 18.011 nemendur í háskóla. Nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað

um 931 eða 3,3% frá síðasta ári. Í skólum á háskólastigi fjölgaði um 283 nemendur, eða 1,6%. Sjá nánar á [vef Hagstofunnar](#).

Fjöldi nemenda eftir skólastigum



Eurydice - upplýsinganet um menntamál í Evrópu

Menntamálaráðuneyti vekur athygli á nýrri vefslóð Eurydice sem er upplýsinganet um menntamál í Evrópu á vegum Evrópusambandsins. Slóðin er <http://eacea.ec.europa.eu/portal/page/portal/Eurydice>

Á vegum Eurydice er safnað, fylgst með, unnið úr og dreift traustum samanburðarhæfum upplýsingum um menntakerfi og menntastefnur í 30 Evrópulöndum. Útgáfuefni Eurydice, skiptist í lýsingar á menntakerfum einstakra landa, samanburðarathuganir á tilteknum málaflokkum, tölfræðileg gögn og vísa um einstaka þætti menntakerfanna. Útgefið efni og aðgang að gagnagrunni um evrópsk menntakerfi má nálgast vef upplýsinganetsins.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla fluttur til Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í [lögum nr. 91/2008 um grunnskóla](#) sem tóku gildi 12. júní 2008 er kveðið á um að Endurmenntunarsjóður grunnskóla muni flytjast til [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#). Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa komist að samkomulagi um yfirfærslu sjóðsins til Sambandsins sem nú hefur auglýst eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla 2009.

Rafræn slóð að umsóknarvef er: <http://samband.is/template1.asp?id=2444>

